

Fundargerð  
12. fundur stjórnar Fiskeldissjóðs  
10.september 2021, kl. 12:00

**Fundarstaður:** Í húsnæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

**Fundarmenn:** Haraldur, Álfheiður, Kjartan, Hallveig.

**Fundartími:** 12:00-14:00

Dagskrá:

*Viðbótargögn og styrkhæfi sveitarfélaga*

Rætt var um hvort og þá hvernig yrði óskað eftir viðbótargögnum. Ákveðið var að Hallveig hafi samband við tengilið eins sveitarfélags til að kalla eftir upplýsingum um eignarhald á vatnsréttindum og hver myndi standa að framkvæmdinni. Rætt var um að fá utanaðkomandi lögfræðilít, en álitamál er hvort að öll sveitarfélögin séu styrkhæf eða ekki. Ákveðið var að leita til Þorsteins Einarssonar hdl. hjá Forum.

*Yfirferð umsókna*

Farið var yfir fjórar umsóknir.

Rætt var hvernig reikna skyldi lækkun á styrkjum miðað við umsóknir þannig að samræmis og sanngirni sé gætt. Ákveðið var að miða hlutfallslegar fjárhæðir styrkja við hæstu einkunn. Áréttað er að stjórn sjóðsins styrkir ekki almennan rekstrarkostnað sveitarfélaga.

*Önnur mál.*

Ákveðið var að Hallveig komi með drög að samningi fyrir næsta fund sem var boðaður fimmtudaginn 16.09.2021.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði Hallveig Ólafsdóttir.